

**ENDURRIT
ÚR
DÓMABÓK FÉLAGSDÓMS**

Fyrir er tekið:

Málið nr. 6/2011.

Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, BSRB

f.h. Starfsmannafélags Reykjavíkur

(Gísli G. Hall hrl.)

gegn

Orkuveitu Reykjavíkur, sameignarfyrirtækis.

(Anton Björn Markússon hrl.)

Dómur 27. júní 2011

Ár 2011, mánudaginn 27. júní, er í Félagsdómi í málinu nr. 6/2011

Bandalag starfsmanna ríkis og bæja f.h.
Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar
gegn
Orkuveitu Reykjavíkur

kveðinn upp svofelldur

D Ó M U R

Mál þetta var dómtekið 24. maí sl.

Málið dæma Arnfríður Einarsdóttir, Gylfi Knudsen, Kristjana Jónsdóttir, Bergþóra Ingólfssdóttir og Gísli Gíslason.

Stefnandi er Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, BSRB, kt. 440169-0159, Grettisgötu 89, Reykjavík, f.h. Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar, Grettisgötu 89, Reykjavík.

Stefndi er Orkuveita Reykjavíkur, sameignarfyrirtæki, kt. 551298-3029, Bæjarhálsi 1, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda

1. Viðurkennt verði að uppsögn Orkuveitu Reykjavíkur á ráðningarsamningi Júlíönu Guðmundsdóttur, kt. 070270-4559, Fellsmúla 6, Reykjavík, sem tilkynnt var um með bréfi dagsettu 21. október 2010, sé ólögmat.
2. Stefndi verði dæmdur til greiðslu sektar í ríkissjóð.
3. Stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu samkvæmt mati réttarins.

Dómkröfur stefnda

Stefndi krefst þess, að hann verði sýknaður af öllum dómkröfum stefnanda fyrir Félagsdómi. Þá krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda að skaðlausu samkvæmt mati Félagsdóms eða síðar framlögðum málskostnaðarreikningi.

Málavextir

Mál þetta er höfðað í tilefni af uppsögn Júlíönu Guðmundsdóttur, sem starfaði á umsýslu- og almannatengslasviði stefnda en hún var trúnaðarmaður í fyrirtækinu og var annar tveggja trúnaðarmanna sem sagt var upp störfum á sama tíma. Í málinu liggur fyrir starfslýsing, sem Júlíana kvað í skýrslu sinni hér fyrir dóminum í

meginatriðum rétta, að öðru leyti en því að það vantaði að tilgreina þann starfa að hafa umsjón með úrbótum. Er starfslýsingin eftirfarandi:

1. Ber ábyrgð á og hefur umsjón með auglýsingum OR og öllum samskiptum við auglýsingastofur vegna þeirra.
2. Vinnur að kynningum og upplýsingamálum þar sem þess er óskað.
3. Vinnur að móttökum innlendra og erlendra gesta á þeim stöðum sem óskað er eftir.
4. Hefur umsjón með gjafalager, innkaupum, dreifingu og sölu gjafa sem merktar eru OR til hinna ýmsu sviða og einstakra starfsmanna innan OR ef þess er óskað.
5. Sér um móttöku og svörun á styrkbeiðnum, og afgreiðslu á auglýsingabeiðnum, styrktarlínunum og lógóum sem berast á or.is.
6. Annast útgáfu á ársskýrslu OR.
7. Annast fréttabakvaktir vegna rekstrartruflana sem verða í dreifikerfinu þegar með þarf.
8. Gerir fjárhagsáætlun varðandi útgáfumál og auglýsingar OR og samþykkir reikninga vegna þeirra.
9. Vinnur við verkefna- og viðburðarstjórnun á þeim verkum sem óskað er eftir.

Júliönu var sagt upp með bréfi, dagsettu 21. október 2010. Í bréfinu er uppsögnin rökstudd og segir þar m.a.: „Orkuveita Reykjavíkur, [...] hefur á undanförunum vikum unnið að endurskipulagningu og hagræðingu í starfsemi fyrirtækisins. Af því leiðir að fyrirtækinu er sá kostur nauðugur að aðlaga umfang starfseminnar að breyttum aðstæðum sem hefur í för með sér að grípa þarf til uppsagna ráðningarsamninga starfsmanna. Um ástæður þessa, umfang og aðgerðir að öðru leyti vísast m.a. til greinargerðar OR til stéttarfélag, trúnaðarmanna og sérstakra fulltrúa starfsmanna, dags. 11. október sl. en aðgerðir þessar falla undir ákvæði laga nr. 63/2000, um hópuppsagnir.

Vegna stöðu þinnar sem trúnaðarmanns og vegna þeirrar verndar sem trúnaðarmenn njóta gagnvart uppsögnum í starfi upplýsir OR nánar um ástæður að baki. Byggir uppsögn, sem hér um ræðir, á þeirri ákvörðun fyrirtækisins að leggja almannatengslahluta umsýslu- og almannatengslasviðs niður í heild sinni. Af hálfu OR hefur sérstaklega verið kannað hvort forsendur séu fyrir því að flytja þig á milli sviða en fyrir liggur að hluti starfsskyldna þinna færist yfir á önnur svið fyrirtækisins. Þannig mun vinna við ritstjórn á útgáfu ársskýrslna færast yfir til fjármálasviðs og önnur tilfallandi verkefni tengd markaðssetningu og móttökum, að svo miklu leyti sem þau kunna að verða innt af hendi, verða í höndum markaðsdeildar. Stærsti hluti starfsskyldna þinna fellur þó niður, einkum umsjón þjónustubeiðna og umsýsla með veitingu styrkja. Það er afstaða OR að svo takmarkaður hluti starfsskyldna þinna verði

enn hjá fyrirtækinu, auk þess sem skipulagsbreytingar leiði til þess að þær starfsskyldur dreifast á fleiri svið, að samsvari undir 20% starfshlutfalli. Vegna þessa telur OR ekki forsendur til áframhaldandi ráðningar þinnar hjá fyrirtækinu og er svo þrátt fyrir þá stöðu og vernd sem þú nýtur sem trúnaðarmaður.“

Alls var 65 af 593 starfsmönnum stefnda sagt upp samtímis og fór um uppsagnirnar samkvæmt lögum nr. 63/2000, um hópuppsagnir. Í aðdraganda uppsagnanna voru haldnir nokkrir fundir, bæði með trúnaðarmönnum og með stéttarfélögum, þ.m.t. Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar. Sendi stefndi bréf til Vinnumálastofnunar, dagsett 21. október 2010, þar sem hópuppsagnir voru tilkynntar og tilgreint að þau áform byggist á fjárhagsstöðu fyrirtækisins og samdrætti í verkefnum á vegum þess. Þá er þar m.a. upplýst að félagið hafi átt fundi um áform sín með stéttarfélögum, trúnaðarmönnum og fulltrúum starfsmanna og að uppsagnarfrestur starfsmanna sé á bilinu frá þremur og upp í sex mánuði. Verði starfsmönnum, sem sagt verði upp störfum, greidd laun í uppsagnarfresti án vinnuskyldu, auk þess sem félagið áformi að greiða þeim viðbótargreiðslur.

Á fundi stefnda og stefnanda, Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar, 11. október 2010 var fjallað um fyrirhugaðar uppsagnir og lagði stefnandi þá áherslu á vernd þá, sem trúnaðarmenn njóta vegna starfa sinna í tengslum við fækkun starfsmanna. Á fundi hinn 18. október 2010 var bókuð krafa stéttarfélagsins um að trúnaðarmenn héldu störfum sínum þrátt fyrir áformaðar uppsagnir og óskað upplýsinga um það atriði. Á fundi daginn eftir var bókuð sú afstaða stefnda að áformað væri að leggja niður almannatengslahluta umsýslu- og almannatengslasviðs, sem Júlíana starfaði hjá, og það gæti haft áhrif á það að áformaðar uppsagnir kynnu að varða trúnaðarmenn innan fyrirtækisins. Afstaða Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar var þá áréttuð.

Málsástæður stefnanda og lagarök

Stefnandi byggir kröfur sínar á því að með uppsögninni hafi verið brotið gegn ákvæðum 11. gr. laga nr. 80/1938 þar sem segi að atvinnurekendum sé óheimilt að segja trúnaðarmönnum upp vinnu vegna starfa þeirra sem trúnaðarmenn eða láta þá á nokkurn annan hátt gjalda þess, að stéttarfélag hefur falið þeim að gegna trúnaðarmannsstörfum fyrir sig. Þurfi atvinnurekandi að fækka við sig verkamönnum skuli trúnaðarmaður að öðru jöfnu sitja fyrir um að halda vinnunni. Júlíana Guðmundsdóttir hafi þurft að beita sér í erfiðum málum sem trúnaðarmaður, áður en uppsögnin kom til og telji stefnandi að með uppsögninni hafi hún verið látin gjalda fyrir þessi störf sín. Þá hefði stefnanda borið að láta Júlíönu Guðmundsdóttur sitja fyrir um starf sitt, samkvæmt síðari málslið ákvæðisins. Rökstuðningur fyrir uppsögn

Júlíönu, sem birtist í uppsagnarbréfi, hafi verið ófullnægjandi. Í því sambandi sé einkum bent á eftirfarandi:

1. Skipulagsbreytingarnar hjá stefnda hafi verið umfangsmiklar og skipuritið stokkað upp. Niðurlagning einstakra sviða eða deilda jafngildi því engan veginn að störf, sem unnin voru á viðkomandi sviði eða deild, hafi verið lögð niður. Flest störf, sem Júlíana hefði haft með höndum, séu áfram unnin á vegum stefnda af öðrum starfsmönnum.

2. Starfsmenn hjá stefnda hafi verið 593, en fjöldi starfsmanna sem sagt var upp var 65. Fjöldi starfsmanna, sem héldu störfum, séu ófaglærðir og ekkert hæfnismat hafi farið fram á Júlíönu og öðrum starfsmönnum. Áskilnaði lagaákvæðisins um að trúnaðarmenn skuli að öðru jöfnu sitja fyrir um starf við uppsagnir sé þegar af þeirri ástæðu ekki fullnægt.

3. Þar sem Júlíana gegndi stöðu trúnaðarmanns hafi stefnda borið að viðhafa sérstaka varúð áður en hann ákvað að segja henni upp. Honum hafi verið skylt að kanna hvort í fyrirtækinu væru störf, sem Júlíana væri fær um að sinna, enda væri hún a.m.k. jafnhæf til þess og aðrir starfsmenn. Engin athugun hafi farið fram á því hvort komast hefði mátt hjá uppsögninni.

4. Kjarninn í röksemdafærslu stefnda sé sá, að gerðar hafi verið skipulagsbreytingar og að svið, sem Júlíana starfaði á, umsýslu- og almannatenglasvið, hafi verið lagt niður í heild sinni. Stefnandi bendi hins vegar á að Júlíana var ekki ráðin sérstaklega inn á tiltekið svið. Hún hafi verið allt eins fullfær um að starfa á öðrum sviðum. Skipulagsbreytingarnar hafi falið í sér að þetta tiltekna svið var lagt niður en önnur svið hafi verið starfrækt áfram og verkefni umsýslu- og almannatenglasviðs hafi flust yfir á þessi svið. Á fundum í aðdraganda uppsagnanna hafi verið sérstaklega tekið fram af hálfu stefnda að starfsmenn yrðu fluttir á milli sviða og deilda. Stefndi hafi hins vegar ekki fært fram nein rök fyrir því að það hafi ekki verið unnt í tilviki Júlíönu. Samkvæmt upplýsingum stefnanda hafi a.m.k. þrír aðrir starfsmenn stéttarfélagsins, sem störfuðu á sama sviði og Júlíana, verið fluttir í aðrar deildir eða svið, þannig að fordæmi fyrir því séu fyrir hendi.

5. Því sé alfarið mótmælt, sem haldið er fram í uppsagnarbréfinu, að verkefni, sem Júlíana hafði með höndum, hafi verið lögð niður að 80% hluta. Nánast öll verkefni, sem Júlíana hafði með höndum, séu þess eðlis að þeim sé nú sinnt af öðrum starfsmönnum, einkum starfsmönnum markaðssviðs. Stefndi hafi ekki heldur sýnt fram á að Júlíana hafi ekki verið a.m.k. jafnfær um að sinna þeim störfum hjá stefnda, sem enn eru unnin þar af ófaglærðum starfsmönnum, og hefði hún átt að sitja fyrir um starf sitt samkvæmt reglunni um að trúnaðarmaður eigi að öðru jöfnu forgang um starf sitt.

6. Fjölmargir trúnaðarmenn hafi verið við störf hjá stefnda, en einungis tveimur þeirra verið sagt upp, þ.e. Júlíönu og Stefáni Pálssyni en þau hafi bæði beitt sér sem trúnaðarmenn á umræddum tíma. Sé ljóst með uppsögninni að Júlíana hafi verið látin gjalda fyrir trúnaðarmannshlutverk sitt, sbr. áðurgreind þrjú mál sem upp komu innan fyrirtækisins áður en uppsagnirnar urðu að veruleika og Júlíana kom að.

Um lögsögu Félagsdóms og aðild vísar stefnandi til 44. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur. Samkvæmt 45. gr. síðarnefndu laganna reki sambönd verkalyðsfélaga fyrir hönd meðlima sinna mál fyrir dómstólnum. BSRB sé samband í skilningi ákvæðisins og til að fullnægja áskilnaðinum höfði BSRB mál þetta f.h. Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.

Um ólögmati uppsagnar Júlíönu Guðmundsdóttur vísar stefnandi til þess að hún hafi gegnt starfi trúnaðarmanns Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar hjá stefnda og því notið trúnaðarmannaverndar, sem kveðið sé á um í 9.-13. gr. laga nr. 80/1938. Skylda stefnda til að virða trúnaðarmannaverndina sé áréttuð í kjarasamningi Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar og stefnda og í aðdraganda uppsagnanna hafi verið lögð sérstök áhersla á vernd trúnaðarmanna.

Stefnandi vísar sektarkröfu sinni til stuðnings til 70. gr. laga nr. 80/1938 en þar segi að brot gegn lögnum varði auk skaðabóta sektum. Fjárhæð sektar sé lögð í mat Félagsdóms. Sekt sé ætlað að hafa táknrænt gildi og varnaðaráhrif, þannig að vinnuveitendur freistist ekki til að beita undanbrögðum frá því að virða lögákveðinn rétt trúnaðarmanna. Gildi og starfssvið trúnaðarmanns hafi sífellt aukist svo og þörfin fyrir öflugt trúnaðarmannakerfi. Við hópuppsagnir gegni trúnaðarmenn þýðingarmiklu hlutverki og það sé alvarlegt að þeir verði fyrir barðinu á uppsögnum við þær aðstæður. Stefndi hafi ekki sýnt fram á að uppsögn Júlíönu hafi verið óumflýjanleg og blasi því við sú staðreynd, að hún hafi verið látin gjalda fyrir að hafa sinnt lögvernduðu hlutverki sínu.

Um málskostnaðarkröfu sína vísar stefnandi til 130. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938. Krafa um að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til virðisaukaskatts sé skaðleysiskrafa, þar sem stefnandi sé ekki virðisaukaskattskyldur og eignist því ekki frádráttarrétt við greiðslu skattsins.

Málsástæður stefnda og lagarök

Stefndi byggir sýknukröfu sína í fyrsta lagi á því, að málefnalegar og lögmatar ástæður hafi legið að baki uppsögn Júlíönu Guðmundsdóttur og að hann hafi ekki gerst brotlegur gagnvart þeirri reglu sem fram kemur í ákvæði 11. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, varðandi uppsögn trúnaðarmanna. Júlíana hafi starfað á umsýslu- og almannatengslasviði fyrirtækisins, nánar tiltekið

almannatengslahluta þess. Enn fremur hafi hún gegnt starfi trúnaðarmanns og byggi stefnandi á því að sem slíkur hafi hún notið þeirrar réttarverndar sem kveðið er á um í 11. og 13. gr. laganna gagnvart uppsögnum.

Stefndi bendir á að uppsagnirnar hefðu haft mismunandi áhrif á einstök svið og starfseiningar innan fyrirtækisins. Markmið þeirra aðgerða, sem gripið var til, hafi verið að hagræða og spara í rekstri, þó þannig að sem minnst röskun yrði á kjarnastarfsemi fyrirtækisins. Kjarnastarfsemi hafi í grunninn verið skilgreind sem framleiðsla og dreifing á heitu og köldu vatni og raforku, sem og fráveita og gagnaveita.

Í samræmi við framangreind markmið aðgerða hafi þótt ljóst að starfsemi almannatengslahluta umsýslu- og almannatengslasviðs yrði lögð niður í heild sinni. Í þeim ráðstöfunum hafi falist, að þau störf sem tilheyrðu umræddri starfseiningu hættu að vera til samhliða því sem stefndi hætti að sinni þeim verkefnum sem starfseiningin hefði með höndum. Í dæmaskyni megi nefna, að stefndi hafi alfarið hætt að sinna móttöku gesta sem hafi skipt tugum þúsunda ár hvert. Enn fremur hafi stefndi hætt að standa að viðburðum og móttökum sem fyrirtækið hafði um langa tíð sinnt í ríkum mæli. Stefndi bendi á að í samráðferli hafi þær hugmyndir komið upp hvort unnt væri að komast hjá uppsögnum starfsmanna almannatengslahluta gegn því að hefja gjaldtöku af þeim gestum sem heimsóttu fyrirtækið. Sú leið hafi verið athuguð sérstaklega af hálfu stefnda og áhættumetin en niðurstaðan orðið sú að í ljósi fjárhagsstöðu fyrirtækisins væri óásættanlegt að það tæki slíka áhættu.

Við nánari skoðun á áformum stefnda varðandi niðurlagningu umsýslu- og almannatengslasviðs hafi komið í ljós að innan þess sviðs störfuðu tveir trúnaðarmenn, þ.e. Stefán Pálsson, verkefnastjóri minjasafns, og Júlíana Guðmundsdóttir, verkefnastjóri á sviðinu. Sé mótmælt því, sem fram komi í stefnu að Júlíana hafi ekki verið ráðin til starfa á umræddu sviði. Lögð sé áhersla á að starfsemi minjasafns hafi verið lögð niður og því lokað. Leiði af framangreindu að stefndi hafi hætt þeirri starfsemi sem starf Stefáns fólst í. Að sama skapi hafi falist í niðurlagningu umsýslu- og almannatengslasviðs að stefndi hætti að hafa með höndum þá meginþætti starfsskyldna sem Júlíana hafði haft með höndum. Með því sé t.d. átt við kynningarstörf, móttöku innlendra og erlendra gesta, meðferð styrkbeiðna, afgreiðsla auglýsingabeiðna, verkefna- og viðburðarstjórnun o.fl. Stefndi bendi á að framgreind atriði hafi numið a.m.k. 80% af heildarstarfi Júlíönu innan fyrirtækisins.

Til viðbótar bendi stefndi á að tilteknir þættir í starfi Júlíönu muni eftirleiðis verða inntir af hendi innan stefnda en varlega áætlað megi gera ráð fyrir að slík verkefni samsvari starfshlutfalli sem nemi að hámarki 20%. Að því er tiltekin verkefni varði, hafi þau verið færð til innan fyrirtækisins, en í öðrum tilvikum hafi verkefnum, sem almannatengslahluti hafi áður haft með höndum, verið dreift á viðkomandi svið

eða starfseiningu, eftir því sem þau þar falli til. Að því er fyrri þáttinn varðar megi nefna ritstjórn og útgáfa ársskýrslu, upplýsingagjöf sem varða kjarnastarfsemi fyrirtækisins, s.s. vegna rekstrartruflana og önnur tilfallandi verkefni tengd markaðssetningu og móttöku. Að því er síðari þáttinn varðar upplýsist, að stefndi hafi hætt þágildandi fyrirkomulagi bakvakta með þátttöku umsýslu- og almannatengslasviðs, en eftirleiðis verði slík verkefni í höndum kerfisstjórnar og hlutaðeigandi starfseininga. Megi í dæmaskyni nefna upplýsingagjöf vegna rekstrartruflana.

Af hálfu stefnda hafi í tengslum við uppsögn á ráðningarsamningi Júlíönu sérstaklega verið kannað hvort forsendur væru fyrir því að færa hana milli sviða. Í samráðsferlinu, sem Júlíana var virkur þátttakandi í, hafi verið upplýst um þau áform fyrirtækisins að leggja niður starfsemi almannatengslahluta í heild sinni. Vegna stöðu Júlíönu sem trúnaðarmanns hafi farið fram skoðun á því að finna henni starf innan fyrirtækisins. Niðurstaða þeirrar skoðunar hafi verið sú, að svo veigalítt hluti starfsskyldna hennar yrðu áfram til staðar, auk þess sem að þær starfsskyldur sem eftir stæðu yrðu framvegis inntar af hendi innan einstakra sviða eða starfseininga fyrirtækisins, að ekki væru forsendur fyrir áframhaldandi ráðningu hennar. Eins og atvikum þessa máls hátti og með hliðsjón af eðli þeirra breytinga sem af endurskipulagningar- og hagræðingaraðgerðum leiddi, hafi ekki þótt efni til að grípa til handahófskenndrar uppsagnar einhvers starfsmanns innan fyrirtækisins sem aðgerðir höfðu ekki áhrif á, til þess eins að koma til móts við kröfu stefnanda um að finna trúnaðarmanni starf.

Vegna umfjöllunar í stefnu þess efnis að þremur starfsmönnum umsýslu- og almannatengslasviðs hafi verið komið fyrir á öðrum sviðum taki stefndi fram, að hjá honum sé starfandi einn stafsmaður, sem hafi alla vefumsjón fyrirtækisins með höndum. Sá starfsmaður hafi tilheyrt umræddu sviði en verið fluttur á nýtt svið í kjölfar niðurlagningar umsýslu- og almannatengslasviðs. Ljóst sé að um sérhæft starf sé að ræða sem sé afar þýðingarmikið fyrir fyrirtækið og hefði umræddur starfsmaður getað tilheyrt hvaða sviði fyrirtækisins sem er. Starfsmaðurinn starfi í þágu alls fyrirtækisins sem og viðskiptamanna þess og þyki sýnt að umfang þeirra verkefna sem tilheyra starfinu muni ekki koma til með að dragast saman á komandi misserum. Fyrirverandi forstöðumaður umsýslu- og almannatengslasviðs, sem einnig sé starfandi innan fyrirtækisins um þessar mundir, starfi nú að frágangi og lúkningu þeirra verkefna sem sviðið hafði með höndum og fari um starfslok hans með hliðsjón af því. Í öðru lagi hafi hann náð 65 ára aldri þegar uppsögn var tilkynnt og því ekki fallið í hóp þeirra starfsmanna, sem sagt var upp störfum. Ekkert liggi fyrir um hver þriðji starfsmaðurinn sé sem tilgreindur er í stefnu.

Stefndi byggir á því, að ákvæði 11. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, tryggi trúnaðarmanni vernd gagnvart uppsögnum í þeim tilvikum þegar sýnt þykir að vinnuveitandi hafi látið trúnaðarmann gjalda fyrir það starf. Enn fremur tryggi ákvæðið trúnaðarmanni vernd hyggist vinnuveitandi fækka við sig verkamönnum. Að mati stefnda teljist hvorugt framangreindra skilyrða uppfyllt. Hvað fyrra skilyrðið varðar, telji stefndi að stefnanda hafi með engu móti tekist að færa fram lögfulla sönnun þess að uppsögn Júlíönu verði rakin til starfa hennar sem trúnaðarmanns. Að því er síðara skilyrðið varðar, bendi stefndi á að samkvæmt orðalagi hins tilvitnaða ákvæðis megi draga í efa að gildissvið þess sé víðtækara en svo að það nái til annarra stétta en þar séu tilgreindar, þ.e. verkamanna. Samkvæmt hefðbundinni textaskýringu ákvæðisins njóti Júlíana ekki þeirrar verndar sem það geri ráð fyrir. Beri því þegar af þeirri ástæðu að sýkna stefnda af öllum dómkröfum stefnanda.

Stefndi byggir enn fremur á því, að tilvitnað lagaákvæði verði ekki túlkað svo, að í því felist fortakslaust bann við uppsögn trúnaðarmanns séu málefnalegar og lögmætar ástæður fyrir hendi. Svo virðist sem málatilbúnaður stefnanda byggi í meginatriðum á því að vinnuveitanda sé með öllu óheimilt að segja upp ráðningarsamningi trúnaðarmanns svo framarlega sem einhver starfsmaður sé enn að störfum hjá hlutaðeigandi vinnuveitanda. Stefndi hafni framangreindum skilningi og telji hann ekki fá staðist, enda sú lögskýring of þröng og vart í samræmi við tilgang ákvæðisins. Þannig byggi stefndi á því að túlka beri ákvæðið í samræmi við eðli máls og aðstæður á hverjum tíma. Nánar byggi stefndi á því að við skýringu fyrrgreinds ákvæðis beri að gera greinarmun eftir því hvort vinnuveitandi sé að fækka starfmönnum, eftir atvikum á tilteknum sviði eða starfseiningum, eða hvort vinnuveitandi leggur niður svið eða starfseiningar í heild sinni.

Stefndi hafni því alfarið að Júlíana hafi verið látin gjalda trúnaðarmannastarfa sinna í tengslum við uppsögn ráðningarsamnings hennar. Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum sé einsýnt að aðrar ástæður hafi legið að baki uppsögn og hafi þær bæði verið málefnalegar og lögmætar.

Kröfu stefnanda um að stefnda verði gert að greiða sekt í ríkissjóðs á grundvelli ákvæðis 70. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, sé alfarið mótmælt. Reisi stefndi kröfu sína á því að skilyrði, sem fram koma í tilvitnuðu ákvæði, séu ekki fyrir hendi og beri því þegar af þeirri ástæðu að sýkna stefnda af kröfunni.

Um helstu lagarök kveðst stefndi vísa til ákvæða laga nr. 80/1938, einkum 11. gr. laganna. Enn fremur vísist til meginreglna íslensks vinnuréttar, m.a. um stjórnunar- og ákvörðunarrétt vinnuveitanda. Um málskostnaðarkröfu vísist til 129. – 130. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

Niðurstaða

Stefnandi í máli þessu er Bandalag starfsmanna ríkis og bæja f.h. Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar og stefndi er Orkuveita Reykjavíkur sem er sameignarfyrirtæki samkvæmt lögum nr. 139/2001, um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur. Sakarefnið í málinu varðar lögmæti uppsagnar hins stefnda fyrirtækis á ráðningarsamningi Júlíönu Guðmundsdóttur sem var trúnaðarmaður fyrrgreinds stéttarfélags hjá stefnda.

Af hálfu málsaðila er á því byggt að málið eigi undir valdsvið Félagsdóms samkvæmt lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, sbr. 44. gr. laganna. Ljóst er að Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar fellur undir 4. gr. laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, þ.e. er stéttarfélag starfsmanna sveitarfélags sem fer með fyrirsvar félagsmanna sinna um gerð kjarasamninga samkvæmt greindum lögum og aðrar ákvarðanir í sambandi við þá, sbr. nánari skilgreiningu í 1. gr. laganna á þeim starfsmönnum sem lögin taka til. Á hitt er að líta að í fyrirliggjandi félagslögum stéttarfélagsins er gert ráð fyrir skiptingu félagsins í tvo hluta, A- og B-hluta. Í A-hlutanum eru starfsmenn Reykjavíkurborgar, stofnana hennar og aðrir opinberir starfsmenn sem taka laun samkvæmt kjarasamningum sem stéttarfélagið hefur gert við Reykjavíkurborg og aðra opinbera aðila á grundvelli laga nr. 94/1986. Í B-hlutanum eru einstaklingar sem starfa hjá stofnunum eða fyrirtækjum sem starfa í almannabágu og hafa verið í eigu borgarinnar en eru nú rekin af öðrum aðilum, svo og þeir sem starfa hjá stofnunum og fyrirtækjum í almannajónustu. Tekið er fram að lög nr. 94/1986 gildi um starfsemi A-hluta við gerð kjarasamninga, en lög nr. 80/1938 gildi um kjarasamningsgerð B-hluta félagsins.

Stefndi er sameignarfyrirtæki, sem stofnað var af Reykjavíkurborg og nokkrum öðrum tilgreindum sveitarfélögum um rekstur Orkuveitu Reykjavíkur, sbr. fyrrgreind lög nr. 139/2001 og sameignarsamning, dags. 29. janúar 2004. Samkvæmt 2. gr. laganna og 3. gr. sameignarsamningsins er tilgangur sameignarfyrirtækisins vinnsla og framleiðsla raforku, varma og vatns, dreifing og sala afurða fyrirtækisins ásamt hverri þeirri starfsemi annarri sem nýtt getur rannsóknir, þekkingu eða búnað fyrirtækisins, sem og iðnþróun og nýsköpun af hverju tagi, ásamt annarri viðskipta- og fjármálastarfsemi samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni. Stefndi yfirtók allar eignir, réttindi, skuldir og skuldbindingar Orkuveitu Reykjavíkur og tilgreindra veitustofnana sveitarfélaga, sbr. 9. gr. laga nr. 139/2001. Í 2. gr. sameignarsamningsins kemur fram að sameignarfyrirtækið er skráð hjá sýslumanninum í Reykjavík. Er þar væntanlega átt við skráningu í Firmaskrá Reykjavíkur. Þegar litið er til þeirra breytinga á rekstrarformi veitustofnana samkvæmt lögum nr. 139/2001, sbr. umræddan sameignarsamning, og tilgangsins með þeim, þar á meðal innleiðingu markaðssjónarmiða, sbr. almennar athugasemdir

með frumvarpi því, sem varð að lögum nr. 139/2001, verður að telja að stefndi sé fremur atvinnufyrirtæki en stofnun sveitarfélaga í skilningi 1. gr. laga nr. 94/1986.

Í kjarasamningi Orkuveitu Reykjavíkur, sameignarfyrirtækis, og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar, er gildi frá 1. maí 2008 til 31. desember 2010, er tekið fram í grein 0.2.1 að um kjarasamninginn gildi ákvæði laga nr. 80/1938 og viðurkenni Orkuveitan starfsmannafélagið sem lögformlegan samningsaðila um kaup og kjör meðlima sinna, enda hafi stéttarfélagið í samþykktum sínum ákveðið að láta starfsemi sína taka til slíkra málefna.

Með vísan til þess, sem hér að framan hefur verið rakið, verður byggt á því að um málið fari eftir lögum nr. 80/1938 og sakarefnið eigi því undir valdsvið Félagsdóms samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. 44. gr. laga þessara svo sem raunar er óumdeilt í málinu.

Samkvæmt skipuriti stefnda, sem gildi fyrir þær breytingar sem um ræðir í málinu, var starfrækt sérstakt svið undir heitinu „Umsýsla og almannatengsl“ sem Guðjón Magnússon stýrði. Júlíana Guðmundsdóttir starfaði sem verkefnastjóri á þessu sviði fyrirtækisins. Samkvæmt starfslýsingu hennar, sem liggur fyrir í málinu, fólst meðal annars í starfinu að bera ábyrgð og hafa umsjón með auglýsingum Orkuveitunnar og öllum samskiptum við auglýsingastofur, vinna að kynningar- og upplýsingamálum, sjá um móttöku gesta, hafa umsjón með gjafalager, annast styrkbeiðnir, sjá um útgáfu ársskýrslu, rækja fréttabakvaktir vegna rekstrartruflana, gera fjárhagsáætlun vegna útgáfumála og auglýsinga og vinna við verkefna- og viðburðastjórnun á þeim verkefnum sem óskað er eftir.

Með bréfi, dagsettu 20. nóvember 2009, til forstjóra og starfsmannastjóra stefnda tilkynnti formaður Starfsmannafélags Reykjavíkur um kosningu fulltrúa í fulltrúaráð stéttarfélagsins, í 2. deild Orkuveitunnar, til næstu tveggja ára, en samkvæmt félagslögum stéttarfélagsins eru fulltrúar einstakra starfsdeilda í fulltrúaráði trúnaðarmenn starfsmanna. Var þar um fimm aðalfulltrúa að ræða og jafnmarga til vara. Í tilkynningunni er Júlíana Guðmundsdóttir tilgreind sem aðalfulltrúi.

Í tengslum við endurskipulagningu og hagræðingu í starfsemi Orkuveitu Reykjavíkur haustið 2010 var 65 starfsmönnum fyrirtækisins sagt upp störfum, þar á meðal Júlíönu Guðmundsdóttur, og féllu aðgerðir þessar undir lög nr. 63/2000, um hópuppsagnir. Í málinu liggur fyrir greinargerð starfsmannastjóra Orkuveitunnar, dagsett 11. október 2010, til trúnaðarmanna, fulltrúa starfsmanna hjá fyrirtækinu, þar sem aðgerðirnar og ástæður þeirra eru skýrðar. Með bréfi forstjóra Orkuveitunnar, dagsettu 21. október 2010, var Júlíönu Guðmundsdóttur sagt upp starfi sínu hjá fyrirtækinu frá 31. október 2010 að telja með þriggja mánaða uppsagnarfresti þannig að starfinu lyki hinn 31. janúar 2011. Fram kom í bréfinu að vegna stöðu Júlíönu sem

trúnaðarmanns, sbr. þá vernd er trúnaðarmenn nyttu gagnvart uppsögnum, væri upplýst nánar um ástæður að baki uppsögninni. Um ástæðurnar kom síðan nánar fram að uppsögnin byggðist á þeirri ákvörðun fyrirtækisins „að leggja almannatengslahluta umsýslu- og almannatengslasviðs niður í heild sinni“, eins og þar sagði. Þá kom fram að af hálfu Orkuveitunnar hefði verið kannað sérstaklega „hvort forsendur [væru] til að flytja þig á milli sviða en fyrir liggur að hluti starfsskyldna þinna færist á önnur svið fyrirtækisins.“ Í því sambandi kom fram að vinna við ritstjórn árskýrslna færðist yfir til fjármálasviðs og önnur tilfallandi verkefni, tengd markaðssetningu og móttökum, að svo miklu leyti sem þau kynnu að verða innt af hendi, færðust til markaðsdeildar. Stærstur hluti starfsskyldna Júlíönu félli þó niður, einkum umsjón þjónustubeiðna og umsýsla með veitingu styrkja. Það væri afstaða Orkuveitunnar að svo takmarkaður hluti starfsskyldnanna yrði áfram til staðar hjá fyrirtækinu, auk þess sem skipulagsbreytingarnar leiddu til þess að þær starfsskyldur dreifðust á fleiri svið, að samsvaraði undir 20% starfshlutfalli. Af þessum sökum teldi Orkuveitan ekki forsendur til áframhaldandi ráðningar Júlíönu hjá fyrirtækinu „og er svo þrátt fyrir þá stöðu og vernd sem þú nýtur sem trúnaðarmaður“, eins og það er orðað. Þá er í lok uppsagnarbréfsins gerð grein fyrir „mildandi [mótvægisáðgerðum]“ og tiltekið að ekki sé gert ráð fyrir vinnuframlagi Júlíönu frá móttöku bréfsins, vinnumarkaðsaðstoð og sálfræðiþjónusta standi til boða svo og námsstyrkur.

Fram er komið í málinu að þrír starfsmenn umsýslu- og almannatengslasviðs héldu störfum sínum, þau Guðjón Magnússon, er var sviðsstjóri, Þorvaldur Árnason, er sá um vefmál, og Hildigunnur Þorsteinsdóttir sem hafði skjalavörslu með höndum. Fluttust þau til markaðs- og sölusviðs eftir því sem ráðið verður. Þá liggur fyrir að auk Júlíönu Guðmundsdóttur var trúnaðarmanninum Stefáni Pálssyni sagt upp störfum, en aðrir trúnaðarmenn hjá fyrirtækinu héldu störfum sínum.

Af hálfu stefnanda er byggt á því að með uppsögn Júlíönu Guðmundsdóttur hafi stefndi brotið gegn 11. gr. laga nr. 80/1938. Með uppsögninni hafi hún verið látin gjalda starfa sinna sem trúnaðarmaður. Er á það bent að hún hafi átt að sitja fyrir um vinnuna. Vísað er til þess að heildarfjöldi starfsmanna Orkuveitunnar hafi verið 593 en 65 starfsmönnum hafi verið sagt upp. Ekkert hæfnismat hafi farið fram. Þá sé engan veginn um það að ræða að störfin hafi verið lögð niður, heldur hafi þau að mestu leyti verið færð á önnur svið. Júlíana hafi ekki verið ráðin á tiltekið svið sérstaklega og verið fullfær til starfa á öðrum sviðum. Varðandi meinta meinbægni stjórnenda Orkuveitunnar í garð Júlíönu er almennt vísað til þess að hún hafi rækt trúnaðarmannsstarf sitt af samvisskusemi og eru sérstaklega tíunduð þrjú erfið mál, sem upp hafi komið, þar sem hún hafi af einurð beitt sér gagnvart stjórnendum. Nánar eru mál þessi rakin af hálfu stefnanda og er þar í fyrsta lagi um að ræða svonefnt „arðsmál“, er upp kom 2009, í öðru lagi svokallað „hvíslaramál“, sem kom upp

snemma árs 2010 og í þriðja lagi mál það, sem nefnt er „sparnaðarmál“, sbr. atburði í október 2010 í tengslum við skipulagsbreytingar stefnda sem í málinu greinir. Hafi Júlíana bakað sér óvild stjórnenda stefnda með framgöngu sinni í málum þessum.

Af hálfu stefnda er á því byggt að lögmætar og málefnalegar ástæður hafi legið að baki uppsögn Júlíönu Guðmundsdóttur. Umræddar skipulagsbreytingar hafi leitt til þess að almannatengslahlutinn hafi verið lagður niður og þeir málaflokkar, sem eftir urðu, hafi verið færðir til markaðs- og sölusviðs. Mat hafi verið lagt á hæfni og leitað allra leiða til að finna Júlíönu starf. Af hálfu stefnda eru fyrrgreind þrjú ágreiningsmál rakin og því mótmælt að nokkuð það hafi komið fram um meðferð þeirra sem gefi tilefni til að álykta að Júlíana hafi verið látin gjalda trúnaðarmannsstarfa sinna vegna afskipta sinna og framgöngu í málum þessum.

Í 1. mgr. 9. gr. laga nr. 80/1938 er mælt svo fyrir að á hverri vinnustöð, þar sem a.m.k. 5 menn vinna, hafi stjórn stéttarfélags þess sem á staðnum er í viðkomandi starfsgrein rétt til að tilnefna 2 menn til trúnaðarmannsstarfa, úr hópi þeirra sem á staðnum vinna. Skal atvinnurekandi samþykkja annan þeirra sem trúnaðarmann stéttarfélagsins á vinnustöðinni. Trúnaðarmaður skal gæta þess að gerðir vinnusamningar séu haldnir af atvinnurekanda og fulltrúum hans og að ekki sé gengið á félagslegan eða borgaralegan rétt verkamanna. Nánar er fjallað um störf og starfshætti trúnaðarmanns í 10. gr. nefndra laga.

Samkvæmt 1. másl. 11. gr. laga nr. 80/1938 er atvinnurekendum og umboðsmönnum þeirra óheimilt að segja trúnaðarmönnum upp vinnu vegna starfa þeirra sem trúnaðarmanna eða láta þá á nokkurn hátt gjalda þess að stéttarfélag hefur falið þeim að gegna trúnaðarmannsstörfum fyrir sig. Í 2. másl. lagagreinarinnar er tekið fram að þurfi atvinnurekandi að fækka við sig verkamönnum skuli trúnaðarmaður að öðru jöfnu sitja fyrir um að halda vinnunni.

Vegna þeirra viðbáru stefnda að ákvæði 2. másl. 11. gr. laga nr. 80/1938 eigi ekki við í því tilfalli, sem hér um ræðir, enda beri að túlka ákvæðið svo samkvæmt „hefðbundinni textaskýringu“ að það taki aðeins til þeirra tilvika þegar fækkað er verkamönnum, skal tekið fram að samkvæmt samanburðar- og samræmisskýringu ákvæða 11. gr. laga nr. 80/1938 og með vísan til langvarandi dómaframkvæmdar þykja þessi túlkunarviðhorf stefnda haldlaus. Verður að líta svo á að þarna sé ekki vísað til verkamanna í þrengri merkingu, heldur almennt til starfsmanna.

Eins og fram er komið var tilgreint í uppsagnarbréfi, dagsettu 21. október 2010, að ástæða uppsagnar Júlíönu Guðmundsdóttur væri endurskipulagning og hagræðing í rekstri stefnda, en fyrir liggur að umfangsmiklar ráðstafanir voru gerðar til hagræðingar í rekstri stefnda er meðal annars leiddu til skipulagsbreytinga. Voru uppsagnir starfsmanna liður í þessu. Ljóst er að við aðgerðir þessar reyndi verulega á ábyrgð og hlutverk trúnaðarmanna hjá stefnda og ekki síst þar sem um hópuppsagnir

var að ræða, sbr. sérstakt hlutverk trúnaðarmanna við þær aðstæður samkvæmt 5. og 6. gr. laga nr. 63/2000 og enn fremur hlutverk trúnaðarmanna samkvæmt lögum nr. 151/2006, um upplýsingar og samráð í fyrirtækjum. Þá skoðun sína að Júlíönu Guðmundsdóttur hafi verið sagt upp vegna starfa sinna sem trúnaðarmaður og þannig verið látin gjalda þeirra starfa sinna styður stefnandi einkum við aðild og afskipti Júlíönu af fyrrgreindum þremur átakamálum sem upp komu, auk þess sem röksemdum fyrir því að borið hafi að láta hana sitja fyrir um vinnuna er almennt teft fram því til stuðnings að brotið hafi verið gegn 1. másl. 11. gr. laga nr. 80/1938. Af hálfu stefnanda er atburðarás í umræddum þremur ágreiningsmálum lýst. Samkvæmt því, sem fram er komið í málinu, þykir ljóst er að eitthvað hefur slegið í brýnu milli Júlíönu og stjórnenda stefnda, en ekki verður þó ráðið að það hafi verið umfram það sem vænta má í samskiptum atvinnurekenda og trúnaðarmanna á umbrotatímum í rekstri fyrirtækis svo sem háttáði til í þessu tilfelli. Verður því ekki fallist á þá ályktun stefnanda að Júlíana hafi verið látin gjalda starfa sinna sem trúnaðarmaður vegna afskipta sinna af þessum málum, enda verður ekki talið að stefnanda hafi tekist með neinum viðhlítandi hætti að rekja uppsögn Júlíönu til slíkra viðhorfa af hálfu stefnda. Þá verður ekki talið að þau rök, sem stefnandi heldur almennt fram fyrir því að borið hafi að láta Júlíönu sitja fyrir um vinnu, gefi vísbendingu um að slík sjónarmið hafi ráðið för hjá stefnda. Samkvæmt þessu þykir ekkert komið fram í málinu sem bendir til þess að umrædd uppsögn hafi átt rætur að rekja til starfa Júlíönu sem trúnaðarmanns og hún látin gjalda starfa sinna sem trúnaðarmaður. Var uppsögnin því ekki andstæð 1. másl. 11. gr. laga nr. 80/1938.

Fyrir liggur að tilgreindar uppsagnarástæður voru ekki byggðar að neinu leyti á ávirðingum í starfi, heldur sagðar tilkomnar vegna endurskipulagningar og hagræðingar í rekstri er leiddi til þess að starfsskyldur Júlíönu féllu að verulegu leyti niður og eftirhreytur þeirra fluttust á önnur svið. Mikið ber á milli málsaðila varðandi mat á því hvaða verkefni voru lögð niður. Í uppsagnarbréfi, dags. 21. október 2010, kom fram að starfsskyldur Júlíönu, sem áfram yrðu til staðar en færðust á önnur svið, jafngiltu 20% starfshlutfalli. Af hálfu stefnanda er því á hinn bóginn haldið fram að verkefnin hafi að verulegu leyti flust til annarra starfsmanna. Skýrslutökur eru misvísandi um þetta. Þannig upplýsti vitnið, Guðjón Magnússon, að umfang starfa þeirra, sem Júlíana gegndi, samsvaraði 60% starfshlutfalli í dag, en vitnið, Jakob Sigurður Friðriksson, mat það svo að niðurlagður hluti starfanna næmi u.þ.b. 80%. Hvað sem þessu líður þykir upplýst að umtalsverður hluti starfsskyldna Júlíönu Guðmundsdóttur hafi lagst niður en nokkur hluti færst til annarra sviða.

Í 2. másl. 11. gr. laga nr. 80/1938 felst sú meginregla að trúnaðarmanni á ekki að segja upp störfum við fækkun starfsmanna, nema vinnuveitandinn sýni fram á ríkar ástæður til þeirrar ráðabreytni. Fram er komið að u.þ.b. 11% af

heildarstarfsmannafjölda hjá stefnda var sagt upp störfum í umræddri lotu, þ.e. 65 starfsmönnum af 593. Það eitt og sér hnígur að því að svigrúm hafi verið til þess að láta Júlíönu sitja fyrir um vinnuna. Við bætist að fyrir liggur að hluti verkefna Júlíönu var áfram til staðar og sinnt af öðrum, auk þess sem ekki þykir hafa verið sýnt fram á það af hálfu stefnda að starfskraftar Júlíönu hafi þurft að takmarkast við tiltekinn verkahring. Þá upplýsti vitnið, Guðjón Magnússon, að Júlíana hefði getað tekið að sér fleiri verkefni í minnkandi umfangi og ennfremur að hún hefði getað sinnt því starfi sem Hildigunnur Þorsteinsdóttir sinnir. Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, og því sem fram er komið í málinu að öðru leyti, þykir blasa við að stefnda hafi verið í lófa lagið að láta Júlíönu sitja fyrir um vinnu við uppsagnir þær sem í málinu greinir. Verður því ekki talið að stefndi hafi sýnt fram á nægilegar ríkar ástæður fyrir þeirri ákvörðun að segja Júlíönu Guðmundsdóttur upp starfi. Að þessu athuguðu og með hliðsjón af fordæmum Félagsdóms verður að telja að uppsögnin hafi verið brot á 2. másl. 11. gr. laga nr. 80/1938 og því ólögmæt.

Svo sem réttarágreiningi í máli þessu er háttáð eru hins vegar ekki efni til þess að dæma stefnda til greiðslu sektar samkvæmt 70. gr. laga nr. 80/1938, sbr. 65. gr. sömu laga.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn 300.000 kr.

Uppkvaðning dómsins hefur dregist vegna anna dómsforseta.

D Ó M S O R Ð

Uppsögn stefnda, Orkuveitu Reykjavíkur, sameignarfyrirtækis, á Júlíönu Guðmundsdóttur, trúnaðarmanni Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar, var brot á 2. másl. 11. gr. laga nr. 80/1938 og því ólögmæt.

Stefndi skal vera sýkn af kröfu stefnanda um greiðslu sektar.

Stefndi greiði stefnanda, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, f.h. Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar, 300.000 kr. í málskostnað.

Arnfríður Einarsdóttir

Gylfi Knudsen

Kristjana Jónsdóttir

Bergþóra Ingólfssdóttir

Gísli Gíslason.

Rétt endurrit staðfestir,
Reykjavík, 27. júní 2011

Gjald kr. 3.500 krónur.

Arnfríður Einarsdóttir


